

Alþingi
Erindi nr. P 140/81
komudagur 10.11.2011



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. nóvember 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði (12.mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði.

Ofangreind tillaga leggur til að úttekt verði gerð á vernd neytenda gagnvart fjármálafyrirtækjum og unnið verði að tillögum um hvernig megi styrkja stöðu neytenda. Megin markmið með úttekt sem þessari og aðgerða í kjölfarið ætti að vera að tryggja að neytendavernd á fjármálamarkaði sé ein af forsendum þess markaðar, sbr. til að mynda minnihlutavernd á verðbréfamarkaði. Samráð er lykilatriði í þessari vinnu og að tekið sé tillit til allra sjónarmiða. Meta þarf kerfið í heild og vega og meta mismunandi hagsmun og sjónarmið þegar vernd sem þessi er tryggð. Aðkoma allra aðila að undirbúningi og vinnu er því nauðsynleg.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands